

## HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2016, mánudag 26. september kl. 16.00 var haldinn 144. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis að Efstaleiti 1, á 2. hæð. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Sandra Berg Cepero varaform., Bjarni Jónsson, Kristín Elfa Guðnadóttir og Elín Engilbertsdóttir. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja Sigrún Jónsdóttir formaður Íbúasamtaka Laugardals, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri þekkingarstöðvar ÞLH sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá Knattspyrnufélaginu Þrótti, dags. 6. september 2016, um aðstöðuleysi innanhúsiþrótta hjá félaginu og aðgengi þeirra að íþróttahúsum í hverfinu. Einnig lagt fram svar ÍTR, dags. 16. september, við erindi Þróttar. Frestað.

Þórir Hákonarson og Finnbogi Hilmarsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- kl. 16:30 tekur Ómar Einarsson sæti á fundinum.
2. Lögð fram yfirlýsing Íbúasamtaka Laugardals dags. 26. sept. 2016 vegna skýrslu samráðs-hóps um Laugardalsvöll. Frestað.
  - kl. 17:10 víkur Sandra Berg Cepero af fundinum.
  - kl. 17:10 víkur Ómar Einarsson af fundinum.
3. Fram fer umræða um umsögn um deiliskipulagstillögu um Vogabyggð. Hverfisráð Laugardals leggur fram svohljóðandi bókun:

Ítrekuð er fyrri afstaða varðandi samhengi milli Vogabyggðar og núverandi byggðar í Vogahverfi ásamt áhyggjum af loft- og hávaðamengun frá umferð á Sæbraut. Hvoru tveggja væri hægt að leysa með því að setja hluta af Sæbraut í stökk sem yrði þá jafnframt byggingarland til að tengja þessa hverfishluta saman. Að öðru leyti gerir hverfisráðið ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna að svo stöddu.

Sigríður Magnúsdóttir og Björn Ingi Edvaldsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs við fyrirspurn um aðkeyrsluleiðir að bifreiðastæðum við Kleppsveg 62.
5. Fer fram umræða um verkefnið Hverfið mitt 2016.
6. Fram fer umræða um úthlutanir úr hverfissjóði Laugardals. Samþykkt að auglýsa eftir umsóknum ásamt hverfisráði Háaleitis – og Bústaða.
7. Lögð fram fyrirspurn íbúasamtöka Laugardals um leyfisveitingar vegna tónlistarhátíðarinnar Secret Solstice 2017
8. Lögð fram fyrirspurn íbúasamtaka og hvenær vænta megi upplýsinga um stöðu mála varðandi bílastæði við leikskólann Steinhlið.

### Fundi slitið kl. 18.44

Heiðar Ingi Svansson

Sandra Berg Cepero  
Kristín Elfa Guðnadóttir

Bjarni Jónsson  
Elín Engilbertsdóttir